

Vaxandi áhugi í Stykkishólmi á nýtingu þangs og þörunga úr Breiðafirði

Síðastliðinn miðvikudag hélt Stykkishólmsbær kynningarfund á Amtsbókasafninu fyrir íbúa og hagsmunaaðila í nágrenni fyrirhugaðra framkvæmda Asco Harvester við Nesveg 22a. Eins og fram hefur komið í Skessuhorni samþykkti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar á síðasta fundi sínum afgreiðslu skipulagsnefndar um væntanlega þangvinnslu. Jafnframt var samþykkt að fram færi grenndarkynning um byggingaráformin fyrir lóðarhöfum í næsta nágrenni auk þess að halda kynningarfund fyrir íbúa í næsta nágrenni. Á fundinum í síðustu viku kynntu forsvarsmenn Asco Harvester áform fyrirtækisins og skipulagsfulltrúi tók við fyrirspurnum. Að sögn Jakobs Björgvins Jakobsssonar bæjarstjóra var um góðan og upplýsandi fund að ræða en á hann mættu um fimmtíu manns.

Asco Harvester ehf. hyggst reisa 959 fm atvinnuhúsnæði fyrir starfsemi á Nesvegi 22a, á lóð þar sem áður stóð steypustöð fram til ársins 2014. Skessuhorn ræddi við Jakob Björgvin um þessi áform um nýja atvinnustarfsemi í Stykkishólmi og forsögu þess, en nokkur fyrirtæki hafa á umliðnum sjö árum lýst áhuga á að koma upp vinnslu á þangi og þörungum í bæjarfélaginu. Jakob Björgvin kveðst fagna þessum áhuga, en tekur fram að umfang þeirrar starfsemi sem Asco Harvester boðar nú við Skipavíkurhöfn sé í smáum stíl í samanburði við áform kanadísks fyrirtækis sem hyggst byggja upp starfsemi sína við Kallhamra í Stykkishólmi.

sýnt staðsetningu hér áhuga. Allt frá upphafi þess að umræður um þetta fóru af stað hefur rík áhersla verið lögð á vísindalega nálgun við nýtingu auðlindarinnar með það að markmiði að fullnýta hráefnið með sem minnstum áhrifum á umhverfið samhliða sem mestum svæðisbundnum efnahagslegum ávinningi,“ segir Jakob Björgvin.

Tvö fyrirtæki vildu fá leyfi

En lítum aðeins að forsögunni. Árið 2018 vildu tvö fyrirtæki fá úthlutað leyfi til að hefja starfsemi í Stykkishólmi. „Það voru tvö fyrirtæki sem sóttust eftir því að koma á fót þörungavinnslu í Stykkishólmi á árinu 2018. Fyrst átti Stykkishólmsbær í samtali við Marigot á grunni þríhliða viljayfirlýsingar sem undirrituð var af Stykkishólmsbæ, Marigot og Matís ohf. árið 2015. Það slitnaði hins vegar upp úr samstarfi Matís og Marigot árið 2018 og þar með féll úr gildi sú þríhliða yfirlýsing sem undirrituð var 2015. Í lok sumars 2018 lýsti kanadíska fyrirtækið Acadian Seaplants einnig yfir áhuga á sambærilegri starfsemi í Stykkishólmi. Þá var ljóst að Íslenska kalkþörungafélagið ehf., sem tengt er fyrirtækinu Marigot, hafði einnig enn áhuga á stofnsetningu þörungavinnslu í Stykkishólmi. Í desember 2018 samþykkti bæjarstjórn tillögu um erindisbréf og skipuð var ráðgjafanefnd vegna áhuga á rannsókn-, vinnslu- og afurðamiðstöð þörunga í Stykkishólmi. Nefndin var skipuð öflugum



Stykkishólmur.

plants um stofnsetningu þörunga- vinnslu í Stykkishólmi á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar og þar sem um var að ræða umfangsmikla starfsemi þá var horft til þess að byggja hana upp við Kallhamra, sem er svæði suðvestan við flugvöllinn hér í Stykkishólmi. Það var svo 8. október 2019 sem fulltrúar Acadian Seaplants mættu til Stykkishólms og héldu opinn íbúafund þar sem J.P. Deveau, forstjóri Acadian Seaplants, flutti erindi þar sem hann fór yfir sögu og framtíðaráform fyrirtækisins og hvers vegna Ísland og Breiðafirður henta starfseminni vel. Dr. Karl Gunnarsson frá Hafrannsóknastofnun hélt einnig kynningu sem snéri að rannsóknnum hans í Breiðafirði auk þess sem forsvarsmenn Acadian Seaplants tóku á móti spurningum úr sal. Áform Acadian Seaplants um að reisa þörungavinnslu við Kallhamra standa ennþá. Verið er að vinna í samningi milli sveitarfélagsins og fyrirtækisins. Einnig stendur fyrirtækið í viðræðum við Veitur um tæknilegar útfærslur.“

Áform Asco Harvester

Jakob Björgvin bæjarstjóri segir að í febrúar á þessu ári hafi fyrirtækið Asco Harvester ehf. sent bæjaryfirvöldum erindi og óskað eftir samstarfi um atvinnuuppbyggingu á lóðinni við Nesveg 22a, þar sem áður stóð steypustöð sem starfrækt var til 2008. Bæjarstjórn samþykkti samhliða á fundi sínum í febrúar á þessu ári að ganga til samninga við fyrirtækið en lagði áherslu á að það myndi kynna áformin fyrir íbúum og að endanlegar útfærslur yrðu í sem mestri sátt við umhverfi, íbúa og aðra hagsmunaaðila. „Á þessum tíma lá fyrir að ekki var til staðar deiliskipulag og að grenndarkynna þyrfti áformin, en það hefur legið fyrir frá upphafi þessa máls á síðasta kjörtímabili að til að tefja ekki ferlið frekar, að grenndarkynna þyrfti byggingarleyfi og teikningar þar sem áformin voru í samræmi við fyrirliggjandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Það liggur fyrir að deiliskipulag hefði tekið 1-2 ár þar sem ekki er hægt að deiliskipuleggja einungis fyrir þessa lóð eina og aukin heldur



Frá kynningarfundinum á Amtsbókasafninu í síðustu viku. Jakob Björgvin Jakobs-son í ræðustól og frumkvöðlarnir á bakvið Asco Harvester, þau Anna Ólöf, Ingvar og Ómar Arndal Kristjánssbörn

Bendir hann á að umfang þangskurðar Asco Harvester sé einungis um fjórði partur af afköstum Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum.

Svæðisbundinn efnahagslegur ávinningur

„Um nokkurra ára skeið hafa verið uppi hugmyndir og áform um þörungavinnslu hér í bænum. Bærinn okkar þykir afar fýsilegur kostur hvað þetta varðar, sér í lagi vegna staðsetningar hans við hinn auðlindaríka Breiðafirð. Asco Harvester er ungt sprotafyrirtæki sem hóf starfsemi með þróun og smíði lipurra þangskurðarpramma. Nú hyggst það nýta auðlindina hér í Breiðafirði og standa fyrir aukinni atvinnuuppbyggingu hér í bæ, nánar tiltekið með nýtingu þörunga úr firðinum. Hér er byggt á hugmyndafræði um sjálfbæra nýtingu auðlinda fjarðarins sem reyndar hefur verið grundvöllur samtals okkar við öll þau fyrirtæki sem hafa

hópi íbúa Stykkishólmsbæjar sem höfðu breiða skírskotun og viðtæka þekkingu og reynslu. Nefndin lauk störfum í apríl 2019 og var haldinn íbúafundur í kjölfarið þar sem niðurstaða nefndarinnar var kynnt, en í skýrslu nefndarinnar sagði meðal annars að niðurstaðan væri að mæla með að Stykkishólmsbær ræddi fyrst við Acadian Seaplants Ltd., verði ákvörðun tekin um að halda áfram með málið. Það var mat ráðgjafarnefndarinnar að Acadian Seaplants hafi meiri burði og vísindalega þekkingu og reynslu en Ískalk ehf. til að koma á fót og styðja við rannsóknir á efnisinnihaldi þara og þangs með virðisaukandi framleiðslu að leiðarljósi í samstarfi við íslenska aðila eins og Matís ohf.“

Áform Acadian Seaplants standa enn

Bæjarstjórn fól í framhaldinu bæjarstjóra að ræða við Acadian Sea-



Um fimmtíu manns mættu á fundinn sem hugsaður var til grenndarkynningar fyrir nærliggja íbúa við Nesveg 22a.

þyrfti deiliskipulag að mynda samfellda heild, þ.e. að deiliskipuleggja þyrfti allt Skipavíkursvæðið.“

Málsmeðferð í samræmi við aðstæður

Bæjarstjórnin segir að af þeim sökum að deiliskipulag er ekki til fyrir hafnarsvæðið hafi frá fyrstu stigum málsins, eða frá því í febrúar 2022, verið horft til þess að ganga lengra en venjubundið er í skipulagsferli sem þessu og kynna íbúum málið sérstaklega. Til að kynna framtíðaráform sín hélt fyrirtækið opinn kynningarfund 28. apríl í vor. „Á fyrsta fundi nýrrar skipulagsnefndar í júní í sumar var samþykkt að grenndarkynna hönnunargögn og annað sem fyrirhuguð byggingarleyfisúnsókn byggir á, en fyrirhuguð framkvæmd er innan ramma aðalskipulags og því ekki þörf á aðalskipulagsbreytingu. Þannig hefur legið fyrir frá upphafi að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Til marks um það má nefna að um er að ræða áform um byggingu á lóð á atvinnusvæði þar sem áður stóð og var starfrækt steypustöð með tilheyrandi húsum og umfangi. Málsmeðferð er þannig í samræmi við 44. gr. skipulagslaga eins og venjubundið er þegar um er að ræða byggingu á svæði sem er ekki deiliskipulagt. Á atvinnusvæðum í Stykkishólmi liggja almennt ekki fyrir deiliskipulög. Þetta er því málsmeðferð sem ítrekað hefur verið víðhöfð í Stykkishólmi um langt árabíl,“ segir Jakob Björgvin. Aðspurður um ástæðu þess að

ekki var haldinn hefðbundinn íbúafundur fyrir alla íbúa Stykkishólms, segir Jakob Björgvin hafa verið þá að fundurinn í síðustu viku átti að vera fyrir þá sem búa næst umræddu athafnasvæði og hann ætti að svara þeirra spurningum og hugsanlegum áhyggjum. „Við ætluðum að gefa þeim íbúum sem búa í nálægð við fyrirhugað byggingarsvæði svigrúm til þess að spyrja spurninga og fá svör. Auðvitað hefði mátt vekja athygli nærliggjandi íbúa fyrr og betur á fundinum, m.a. á heimasíðu bæjarins, en mestu skipti að þeir íbúar sem byggja næst væntanlegum framkvæmdum gætu séð sér fært að mæta og spyrja spurninga. Fundurinn í síðustu viku var vel sóttur, hátt í 50 manns mættu en þar af voru íbúar í nágrenni fyrirhugaðra framkvæmda reyndar í minnihluta,“ segir Jakob Björgvin.

Mest spurt um stjórnsýsluhætti

Bæjarstjórnin segir að lokinni kynningu á íbúafundinum í síðustu viku hafi meginhluti spurninga íbúa snúist um stjórnsýsluhætti og málsmeðferð þessa tiltekna máls. „Í því sambandi var af hálfu sveitarfélagsins leiðréttur ákveðinn misskilningur sem uppi hefur verið um þessa tilteknu málsmeðferð, m.a. um að þessi tiltekna framkvæmd krefðist sérstaks mats á umhverfisáhrifum, og rífað upp á hvaða lagagrunni fyrirliggjandi málsmeðferð byggir, eins og ég fór yfir hér að framan. Á kynningarfundinum gátu nokkrir íbúar í næsta nágrenni þó lýst sínum áhyggjum, sem einna helst snéru að

lyktar- og hljóðmengun og fengu þeir greinargóð svör við þeim.“

Áform Asco Harvester

Áform Asco Harvester eru þau að setja upp litla þörungavinnslu á lóðinni með afkastagetu upp á um fimm þúsund tonn. „Þau áform eru innan við 0,5% af lægra mati af magni klóþangs í Breiðafirði og því vel innan sjálfbærrar nýtingar,“ segir Jakob Björgvin. „Til samanburðar gera Acadian Seaplants ráð fyrir rúmlega 20 þúsund tonna afkastagetu. Asco Harvester ehf. hyggst byggja 959 m² atvinnuhúsnæði að Nesvegi 22A. Um er að ræða hús á þremur hæðum með milliloftum yfir hluta hússins. Lóðin er 3.700 fermetrar, grunnflötur hússins er 828,2 m² og hæð þess tíu metrar. Á lóðinni var áður steypustöð sem var rifin árið 2014 vegna lélegs ástands. Steypustöðin var starfrækt til ársins 2008.“

Jakob Björgvin bendir á að hér á landi séu engin fordæmi fyrir jafn litilli þörungavinnslu með klóþang eins og verksmiðjan sem Asco Harvester hyggst byggja. „Hins vegar er á Skipavíkursvæðinu starfrækt önnur þörungavinnsla þar sem m.a. eru þurrkaðir þörungar og íbúar þekkja vel til þeirrar starfsemi.

Á fundinum í síðustu viku benti skipulagsfulltrúi jafnframt á, m.a. í sambandi við hugsanlega lyktar- og hljóðmengun, að fyrirtækið þurfi að fá leyfi fyrir starfsemi frá hinum ýmsu aðilum. Í því ferli þurfi að mæta ákveðnum kröfum og viðmiðum hvað þetta varðar sem eru til þess gerðar að gæta hagsmuna nærumhverfis og íbúa þess.“

Vinnsluferlið

Bæjarstjórinn segir að fulltrúar Asco Harvester ehf. hafi á fundinum fullyrt að hljóðmengun frá vinnslunni muni standast kröfur og reglur fyrir þess konar starfsemi og lyktin af þanginu væri ekkert meiri en hún er nú, þegar þangið liggur í fjöru. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafi lagt áherslu á að allt hráefni væri unnið samdægurs, aðeins væri unnið með ferskt hráefni og því engin hættu á ýldulykt. „Varðandi hugsanleg önnur áhrif á íbúa í næsta nágrenni kom fram á fundinum að fyrirhugað vinnsluhús kemur frá Límtré Vírneti og verður litur á klæðningu hússins hvítur og litur þaks, glugga og hurða grænn til þess að falla sem best að umhverfinu. Flutningar á unninni vöru frá vinnslunni verður á trailer og áætlaðar um 60 ferðir á ári. Fjöldi ferða

með hráefni verða um tvær til sex á dag frá Skipavíkurbryggju að framleiðslustað en notast verður við skotbómulyftara og vagn sem ekur á um 20 km hraða og er mjög hljóðlátur. Hráefni er flutt á plan við innmötun sem matar vinnsluna yfir daginn. Hráefni í húsi fer um lokaðar lagnir alla leið í pökkun og lager er innandyrta.“

Fjórðungur umfangs á Reykhólum

Að endingu er Jakob Björgvin bæjarstjóri ynnur eftir því að einhverjir hafi bent á samanburð á fyrirhugaðri starfsemi í Stykkishólmi við núverandi starfsemi Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum og óttast meðal annars lyktarmengun. „Það er á margan hátt erfitt að bera þessa starfsemi saman við þá vinnslu. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum vinnur allt að 20 þúsund tonn af klóþangi á ári. Vinnsla Asco Harvester ehf. gerir ráð fyrir að vinna úr um 5 þúsund tonnum, eða fjórðungi magnsins á Reykhólum. Á Reykhólum er því notast við sambærilega þurrkaðferð og Asco Harvester hyggst beita, en umfangið er umtalsvert minna,“ segir Jakob Björgvin að endingu.

mm/ Ljós. má

Garða- og Saurbæjarprestakall



Sunnudagur 21. ágúst

Kvöldmessa í Akraneskirkju kl. 20

Miðvikudagur 24. ágúst

Bænastund kl. 12.15

Súpa í Vinaminni eftir stundina



www.akraneskirkja.is

SKESSUHORN 2022

SKIPULAGSAUGLÝSING

Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Borgarbyggðar vegna skipulags

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11. ágúst 2022 eftirfarandi tillögu samkvæmt 36. gr. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010–2022 – Urriðaárland

Breytingin tekur til breyttrar landnotkunar á 12 ha svæði í landi Urriðaár úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð. Frístundabyggðin (F11) er stækkuð úr 11,4 ha í 23,4 ha. Breytingin heimilar breytta legu vegar, fjölgun frístundalóða og leiðrétt ytri mörk svæðis. Aðkoma er af Snæfellsnesvegi (54) um tvær vegtengingar, Brókarstíg og Klettastíg.

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010–2022 – Hótel Hamar

Breytingin tekur til breyttrar skilgreiningar á landnotkun þar sem svæði BL3 er stækkað um 1ha á kostnað O16. Tillagan er sett fram á uppdrætti ásamt greinargerð. Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010–2022, Þéttbýlisuppdráttur Borgarness, svæði BL3 og O16, dags 02.08.2022.

Aðalskipulagsbreytingarnar hafa verið sendar Skipulagsstofnun sem sér um lokafreiðslu erindanna.

Þeir sem óska nánari upplýsingar um ofangreindar breytingar og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til skipulags- og byggingardeildar Borgarbyggðar, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, eða á heimasíðu Borgarbyggðar á www.borgarbyggd.is.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010–2022 – Vinnslutillaga – Breiðabólstaður II

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11. ágúst 2022 vinnslutillögu fyrir breytingu á aðalskipulagi fyrir Breiðabólstað II í Reykholti, Borgarbyggð til kynningar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynning á vinnslutillögu; íbúðarbyggð í landi Breiðabólstaðar II í Reykholti – Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010–2022.

Í breytingunni er fyrirhugað að breyta landnotkun svæðis í landi Breiðabólstaðar II, stækka núverandi íbúðarsvæði (Íb3) um 26,4 ha sem verður eftir breytingu 28,7 ha. Breytingin tekur til um 34,85 ha sem skilgreinist í dag sem landbúnaðarland, athafnasvæði (A1) og núverandi íbúðarsvæði (Íb3).

Vinnslutillagan mun liggja frammi í þjónustuveri Borgarbyggðar, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, á opnunartíma kl. 9:30–15:00 alla virka daga. Vinnslutillagan er einnig aðgengileg á vef Borgarbyggðar, www.borgarbyggd.is –

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýstar vinnslutillögur og er frestur til að skila inn athugasemdum til 31. ágúst 2022. Athugasemdum skal skila skriflega í þjónustuver Borgarbyggðar, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is

Borgarbyggð 16. ágúst 2022

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



BORGARBYGGÐ

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarféлага
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á www.sjomennt.is



Sjómennt